

35. fundur

3. júní 2019

1606030SA

Málalykill: 16.03

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 3. júní 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í símsambandi og Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi starfsmanna á leikskólum

Fyrir fundi liggja upplýsingar frá viðkomandi sveitarfélagi um að þeir starfsmenn sem málið varðar, hafi fengið samþykkt starfsþróunarálag samkvæmt grein 10.2.1.

2. Mat á námi skólaritara II

Lögð fram beiðni um mat á námskeiðinu „Góð þjónusta og miðlun upplýsinga“ frá Starfsmennt, alls 450 stundir.

Starfsheiti er skólaritari II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

3. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk II

Lögð fram beiðni um mat á BA námi í sagnfræði frá HÍ og MA námi hagnýtri menningarmiðlun frá HÍ.

Starfsheiti er starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk.

Starfsþróunarnefnd telur að námið falli ekki undir gr. 10.2.1 þar sem mat á námi á háskólastigi fellur ekki undir hlutverk nefndarinnar samkvæmt reglur starfsþróunarnefndar. Starfsþróunarnefnd telur að starfsmaður eigi rétt á 4% persónuálagi samkvæmt grein 10.2.3.

Einnig er lögð fram beiðni fyrir sama starfsmann um mat á tveimur starfstengdum námskeiðum, samtals 72 kest.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námskeiðin ná ekki 150 kest. lágmarki.

4. Mat á námi starfsmanns við dagvist aldraðra

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum.

Starfsheiti er starfsmaður við dagvist aldraðra.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að fresta afgreiðslu og kalla eftir frekari gögnum.

5. Mat á námi stuðningsfulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á tveimur námsleiðum, umönnun barna og leikskólabrú.

Starfsheiti er stuðningsfulltrúi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

6. Mat á námi bókara III

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum, alls 182 kest.

Starfsheiti er bókari III.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 1. júlí n.k.. 9:30.